


Ballerína: Sæmundur Valdimarsson.

arflugið býður þykir mér hann ná heillegustum árangri. En þegar hann reynir að auka á hina listilegu útkomu með aðskotahlutum og magna þannig áhrifamátinn nálgast hann að mínu mati full mikið svið listiðnaðarins nema í stöku tilvikum.

Þannig er hið stóra verk „Sólris" áhrifamikið fyrir hina hreinu og kláru skírskotun og ætti að taka sig mjög vel út eitt sér og í réttu umhverfi. Á meðan listamaðurinn hefur skurðjárnið í höndunum er honum alveg óhætt að beita hugarfluginu, eins og fram kemur í verkunum „Klúbbur" þar sem eru nokkur andlit í hring inni í trjábol og „Ljúfa" en í því verki fer hann alveg og beint inn í trjábolinn.

Einfaldleikinn, sem skín úr myndunum „Á ströndinni" og „Ballerína" er heillandi og einnig mætti nefna verk eins og „Glasabörn", „Heimasæta" og fleiri í þeim dúr.

Annars er spurn hvort ekki hefði mátt grisja sýninguna aðeins til hags fyrir sterkari heildaráhrif.

Fjölbreytileiki heimsins

Bókmenntir

Guðmundur Heiðar Frímannsson

Jón Ormur Halldórsson: Löndin í suðri, Heimskringla, 1992, 247 bls.

Íslendingar trúa því gjarnan um sjálfa sig, að þeir viti meira um heimsbyggðina en títt er um aðrar þjóðir. Og víst er um það, að þeim leikur mörgum á tungu fjölbreytilegur fróðleikur um margvíslegar staðreyndir umheimsins. En þegar aðeins nánar er skoðað, eru þeir alveg jafn bundnir eigin aðstæðum og aðrir og fáir menn í landinu kunna skil á þeim staðreyndum, sem gera aðrar þjóðir og breytni þeirra skiljanlegar. Enda þarf iðulega að hafa töluvert fyrir því að afla slíkra upplýsinga og maður þarf að skilja samhengi hlutanna til að átta sig á mikilvægi þeirra.

Ég held, að þetta sé satt um þekkingu okkar á nálægum löndum. Fæst okkar leiðum við hugann að því, að brezka ríkið er ekki þjóðríki í sama skilningi og íslenzka ríkið eða danska ríkið. En þegar fjær dregur á jarðarkringlunni, vitum við minna og skiljum minna. Það er því umtalsverður fengur að hafa fróðan mann til leiðsagnar um hulduheima fjarlægra landa og þjóða. Jón Ormur Halldórsson, stjórnmálafræðingur, hefur kennt alþjóðastjórnmál við Háskóla Íslands, ritað ýmislegt um alþjóðamál og verið reglulegur höfundur í útvarp um svipuð efni.

Fyrir síðustu jól kom út bók eftir Jón Orm um þau fjarlægu lönd og þjóðir, sem þessi árin eru nefnd suðrið. Þau hafa verið nefnd þriðji heimurinn, vanþróuð lönd, þróunarlönd og sjálfsagt ýmislegt annað.

Bókinni má skipta í þrjá hluta. Fyrstu þrír kaflarnir glíma við spruninguna um af hverju Evrópa var voldugasta heimsálfan á nýöld og fram á okkar dag. Annar hluti bókarinnar segir af samfélögum, byggingu þeirra og gerð í austurlöndum nær, suður Asíu og suðaustur Asíu, Afríku og rómönsku Ameríku. Í þriðja og síðasta hluta bókarinnar er fjallað um margvíslegan vanda suðursins og viðleitni manna til að ná tökum á honum. Þar er sagt frá hungri, mannfjölda og þróunaraðstoð og þeim þjóðfélagsvanda, sem tengist þessu þrennu.

Eins og sjá má er mikið efni haft hér undir og það þarf engan að undra, þótt ólíkir hlutar bókarinnar séu misgóðir. Sjálfum finnst mér fyrsti og þriðji hlutinn mun betri en annar hlutinn. Til þess liggja ýmsar ástæður en þó sú helzt, að í þeim hlutum er verið að fást við mjög mikilvæg atriði til skilnings á nýlegri sögu og nútímanum og höfundur leitast skipulega við að rannsaka og hafna eða fallast á rök um þessi efni. Ég get ekki betur séð, en hér sé fengist við margt af því, sem allir áhugamenn um þessi efni hljóta að leiða hugann að og reyna að taka afstöðu til. Það þýðir ekki, að mér finnist allar niðurstöður höfundar afspyrnu sannfærandi. En nógu margar



Jón Ormur Halldórsson

þeirra eru nógu sannfærandi til að flestir, sem um þessi mál hugsa, hljóta að vilja skoða þessa bók og skilja.

Annar hluti bókarinnar, sem er lýsing á tildrögum samtímans í ólíkum hlutum suðursins, virðist mér heldur lakari en hinir. Það kann að stafa af því, að það er óhjákvæmilegt annað en að fara á sjö mílna skóm yfir efnið og ýmsar staðhæfingar hljóta að orka tvímælis. Það er erfiðara en í hinum hlutunum að raða efninu upp í kringum eitt eða fáein mikilvæg atriði. En þó verður að taka fram, að þetta á ekki við um alla kafla í þessum miðhluta bókarinnar. Beztir af þeim eru kaflarnir um suður og suðaustur Asíu.

Til að nefna dæmi um vafasamar staðhæfingar má benda á bls. 92–93. Þar er fjallað um Líbanon og vikið að hlutverki innrásar Ísraels í suðurhluta landsins til að vinna bug á hryðjuverkamönnum Palestínumanna. Það er sagt að þúsundir manna hafi látizt í innrásinni og nokkur hundruð í kunnri árás á flóttamannabúðir á þeim slóðum. Við þessa frásögn er það að athuga, að ártala er hvergi getið eða dagsetninga og því er erfitt að átta sig á nákvæmlega, hvað talað er um. En það er sjálfsagt að líta svo á, að hér sé átt við innrás Ísraela árið 1982. Það er líka ástæða til að átta sig á, að tala fallinna er mjög umdeild meðal annars vegna þess, að vestrænir fjölmiðlar létu ljúga sig fulla um, að á fyrstu vikum innrásarinnar hefðu 10 þúsund látizt og 600 þúsund væru heimilislaus.

Það mætti nefna önnur dæmi um eðlileg ágreiningsefni. Ég þykist vita til dæmis, að hægt sé að gera öðruvísi grein fyrir nýlendustefnunni, en hér er gert, og þurfa menn þá ekki að fara leið Lenins í því efni. En ég held, að Jón Ormur hafi rétt fyrir sér um, að styrkur verzlunarstéttarinnar í Evrópu eigi mikinn þátt í þeirri sérstöku þróun skiptingar heimsins og heimsviðskipta síðustu aldirnar, sem átt hefur sér stað. En nóg um það. Þetta er góð bók, læsileg og fróðleg um fjöldamarga hluti og ætti að vera fengur öllum, sem vilja hugsa um þessi efni.

Jóhannesarpassía J.S. Bach

Kristinn Sigmundsson syngur hlutverk Jesú á nýjum diski


NÝLEGA var gefin út geisladiskur með flutningi Hljómsveitar 18. aldarinnar og nokkurra stórsöngvara á Jóhannesarpassíu J.S. Bachs á vegum hollenska stórfyrirtækisins Philips. Diskurinn hefur fengið lofsamlega dóma í fagtímaritum erlendis en Kristinn Sigmundsson, óperusöngvari, fer með hlutverk Jesú í verkinu. Graham Dixon, tónlistargagnrýnandi breska fagtímaritsins Classic CD, segir að Kristinn fari af nærgætni og alúð með orð Krists á krossinum þó honum hætti stundum til að ýkja. Tímaritið gefur flutningnum 4 stjörnur af 5 mögulegum.

Kristinn sagðist hafa farið í tónleikaferð með Hljómsveit 18. aldarinnar og hefði diskurinn verið tekinn upp í Hollandi undir lok hennar eða rétt eftir áramót í fyrra. Hann sagði að hljómsveitin, sem léki á upprunarleg hljóðfæri, væri afar virt, og Frans Brügge, stjórnandi hennar ekki síður. Aðspurður kvaðst hann vera afar ánægður með útkomuna á diskinum.

Þrír diskar fyrir Decca

Breska hljómplötufyrirtækið Decca gefur út 3 geisladiska með þátttöku Kristins um þessar mundir. Sá fyrsti er flutningur Drottningholm hljómsveitarinnará Don Giovanni eftir Mozart í óperunni í Stokkhólmlmi árið 1989. Diskurinn kom út árið 1990 og var sérstaklega verðlaunaður af samtökum sænskra gagnrýnenda árið eftir. Á diskinum fer Kristinn með hlutverk Il Commendatore.

Önnur upptaka á Töfraflautunni eftir Mozart fór fram með sömu hljómsveit í fyrrasumar og er áætlað að sá diskur komi út seinna á þessu ári að sögn Kristins. Hann fer með hlutverk Sarastros í verkinu. Að lokum má svo geta þess að Kristinn tekur þátt í flutningi á nútímaóperunni Die Gezeichneten (Hinir mörk-



Íslandsför í september

Kristinn, sem býr í Wiesbaden, ætlar að syngja á Íslandi í september en efnisskráin er óráðin.

uðu) eftir Franz Schreker í Berlín í ágúst á þessu ári og verður flutningurinn tekinn upp af Decca.

Fellur sæmilega í geð

Þegar frekar var spurst fyrir um hvað Kristinn hefði fyrir stafni um þessar mundir kom fram að hann hefði í félagi við þá Viðar Gunnarsson og Gunnar Guðbjörnsson, óperusöngvara við óperuna í Wiesbaden, haldið tónleika með íslenskum sönglögum á alþjóðlegri listahátíð í borginni 1. maí. Húsfyllir var á tónleikunum og hefur afar jákvæð gagnrýni fylgt í kjölfar þeirra.

Annars sagðist Kristinn vera á förum til Stuttgart þar sem hann tæki þátt í uppfærslu á Öskubusku eftir Rossini en þaðan lægi leiðin til Genfar til að taka þátt í uppfærslum á Töfraflautunni og Brúðkaupi Fígarós. Þannig sagði Kristinn að ekkert lát væri á vinnu. „Þetta gengur vel og fellur sæmilega í geð, að ég held," sagði Kristinn en von er á honum hingað til lands í september.

